

12. gr.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skulu rekin að hætti opinberra mála.

13. gr.

Reglugerðin tekur gildi þegar við birtingu hennar og um leið falla úr gildi eldri reglugerðir sem fjalla um veiðikort og settar eru á grundvelli laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Ákvæði til bráðabirgða: Þeir sem hafa skotvopnaleyfi eða eru handhafar veiðiréttar eða hlunninda skv. 18. gr. laga nr. 64/1994 eiga rétt á veiðikorti skv. 4. gr. án þess að taka veiði-próf sæki þeir um slíkt fyrir 1. apríl 1996. Að öðrum kosti gilda um þá ákvæði 9. greinar reglugerðarinnar.

Umhverfissráðuneytið, 23. maí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Viðskiptaráðuneytið vekur athygli á því að á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara hefur verið ákveðið að eftirfarandi flutningsjöfnunargjald sé tekið af neðangreindum olíuvörum frá og með 1. júní 1995 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

Bifreiðabensín	0,85 kr. á lítra
gasolía	0,90 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,70 kr. á kg
flugvélabensín	3,00 kr. á lítra
flugsteinolía (potueldsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs.

Viðskiptaráðuneytið, 24. maí 1995.

Jón Ögmundur Þormóðsson

Atli Freyr Guðmundsson.